


Tvær sýningar á Kjarvalsstöðum

Þorbjörg Höskuldsdóttir og Haukur Dór hafa skipt með sér vestursalnum á Kjarvalsstöðum og komið fyrir einkasýningu á verkum sínum. Þetta getur verið skemmtilegt fyrirkomulag, og mætti oft nota þennan möguleika. Þar að auki er skemmtilegt að sjá tvær einkasýningar undir sama þaki, og ég er viss um, að gestir á Kjarvalsstöðum kunna að meta slíkt fyrirkomulag. Að þessu sinni eru listamennirnir mjög svo ólíkir í myndlist sinni, og eru því mörkin dregin svo glögglega, að ekki verður um villst, og enginn þarf að velta vöngum yfir því, hvort þetta eða hitt verkið sé eftir Þorbjörgu eða Hauk Dór.

ÞORBJÖRG HÖSKULDS-DÓTTIR hefur haldið áður einkasýningu á verkum sínum og hefur oftsinnis tekið þátt í sýningum hér áður og því mörgum að góðu kunn. Hún er viðkvæm í list sinni og verk hennar eru sérlega aðlaðandi bæði í lit og eins í myndbyggingu.

Hún hefur lag á að koma því til skila, sem liggur henni á hjarta á hljóðlátan en sterkan hátt. Þessi verk, sem hún nú hefur valið til sýningar, eru, að ég held, það besta, er hún hefur látið frá sér fara hingað til. Þorbjörg hefur skemmtilegar hugdettur á hraðbergi, sem oft virðast hafa orðið til í tengslum við leikhús, eða ef til vill réttara sagt, í sambandi við svið leikhússins. Hún hefur næma tilfinningu fyrir fínun og mjúkum listatönnum, sem að vísu auðkenndu verk hennar áður fyrr, en er eins og hafi náð að þroskast og skila sér miklu betur, ef svo mætti að orði kveða. Það eru bæði málverk, teikningar og kirtarmyndir á þessari sýningu Þorbjargar. Þar getur að líta sumar af frummyndum hennar að þeim málverkum, sem einnig eru á þessari sýningu. Sumar af þessum litlu myndum eru hreinasta afbragð, og það er sannarlega skemmtilegt að sjá, hvernig hún vinnur úr þessum frum-



Þorbjörg: Nr. 10 Dynkur. Haukur Dór: nr. 13. Landslag með öllu.

myndum og gerir ýmsar breytingar til að vikka og stækka áhrifasvæði hugmynda sinna. Þorbjörg er sérlega hógvær og látlaus í verkum sínum, hún virðist vera í hraðri framför, hvað listameðferð og myndbyggingu snertir. Ég hugsa, að fleiri séu mér sammála um, að hér sé eftirtektarverð listakona

á ferð, sem binda megir vonir við á komandi tímum.

HAUKUR DÓR er þekktur fyrir keramikvinnu sína, og nú hefur hann efnt til sinnar fyrstu einkasýningar á málverkum, en stundum hafa sést eftir hann málaðar myndir á samsýningum hér áður. Hann sýnir þarna 28 olíumálverk, öll

nokkuð fyrirferðarmikil og dálítið einlita. Stundum notar hann eingöngu svart og hvítt og bætir þá stundum við gráum litatönnum til að tjá sig um mannslíkamann eða landslag. Hann er nokkuð þungur í litameðferð og er það lýti á myndbyggingu, sem er gerð með hrjúfri og harkalegri áferð, þar

Menntaskólinn á Akureyri:

Ó, þetta er indælt stríð

Ó, þetta er indælt stríð. Leikstjóri: Þórhildur Þorleifsdóttir.

Nú fyrir nokkru frum-sýndi Leikfélag Menntaskólans á Akureyri „Ó, þetta er indælt stríð“ eftir Charles Chilton og Joan Littlewood, bráðsmellinn gamanleik, þar sem sjálfu stríðinu er sagt stríð á hendur, eins og komið hefur verið að orði. Indriði Þorsteinson þýddi leikinn ágæta vel. Það eru nú ríflega 40 ár síðan nemendur við MA settu upp sína fyrstu leiksýningu. Það voru

Andbýlingarnir og var Árni heitinn Jónsson amtsbókavörður drif-fjöðrin og aðalleikarinn, en Jón Þórarinnsson dagskrárstjóri sjónvarps samdi alla tónlist við verkið, sem var einstætt afrek. Leiklistarstarfsemi hefur verið fastur liður hjá nemendum MA síðan, með nokkrum hléum þó. Ég minnst þess frá mínum menntaskólaárum, að Magnús L. Stefansson, nú barnalæknir á Akureyri, beitti sér fyrir endurreisn leikfélagsins veturinn 1955

— 56 með góðri aðstoð Árna heitins Kristjánssonar menntaskólakennara, sem síðan var óþreytandi við að aðstoða nemendur við að halda uppi þessari starfsemi. Ég held, að þráðurinn hafi ekki slitnað síðan þetta var.

„Ó, þetta er indælt stríð“ er eitt af þessum léttu en sigildu leikhúsvörkum, þar sem leikgleði og hispursleysi menntaskólanema nýtur sín sérlega vel. Eins og fyrr segir er kjarni verksins sá að sýna fram

á tilgangsleysi stríðsins, afskræmingu þess á mannlegu eðli. Heimsstyrjöldin fyrri er höfð að skotsþæni og miskunnarlaust háð gert að skammsýni valdhafa, innbyrðis togstreitu og hégómagirni hershöfingja, yfirdrepsskap klerka, sem í orði kveðnu eiga þó að vera boðberar friðar á jörðu, gróðabralli vopnaframleiðenda og múgsefjun almennings. Mannslífið er einskis metið; hinum óbreytta hermanni er teft fram eins og þæði á

skákborði. Á hátíð friðarins, jólnum, fer þó svo á vesturvígstöðvunum, að skotgrafarhermenn úr andstæðum fylkingum skiptast á gjöfum og gleðjast yfir tári.

Meðan maður hlýðir og horfir á „Ó, þetta er indælt stríð“ fer ekki hjá því, að maður ihugi, hvort mannkynið muni nokkurn tíma ná þeim þroska, að slíkt og þvilíkt eigi ekki eftir að endurtaka sig. Nú horfir sannarlega ekki vænlega í þeim efnum. Enn er það svo, að harðstjórn og miskunnarleysi á sér formælendur marga, — einnig hér á landi; tilgangurinn helgar meðalíð og einstaklingnum, frelsi hans og sjálfsvirðingu, fórnað „fyrir heildina“, eins og sagt er, til

„Og þá er kominn tími til að segja nokkra brandara...“ Allur leikhópurinn er á myndinni. Geirþrúður Pálsdóttir kynnrir.



„Svo kyssti hann eina og tvær...“ Úr einu söng- og dansatriði leiksins. Guðrún Marinósdóttir og Kristján Þ. Júlíusson.